



## Bættur námsárangur á Austurlandi

Vegna lestrarskimunar (Logos) í 9. bekk á Austurlandi  
dagana 31. ágúst – 15. september 2015

Til skólastjórnenda, deildarstjóra sérkennslu og viðkomandi umsjónarkennara.

**Eins og skólastjórnendur og kennarar vita hefja leik- og grunnskólar á Austurlandi áttak í haust til að efla lestur og stærðfræðipækkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið hefur hlotið nafnið Bættur námsárangur á Austurlandi og er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.**

**Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 9. bekk** verður lögð fyrir í skólunum í september. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimun með ákveðnum hlutum prófins Logos<sup>1</sup> fyrir nemendum.

Athugaður verður:

**Leshraði**

**Lesskilningur**

**Lestur með hljóðaáðferð**

**Lestur út frá rithætti**

**Stafsetning**

Niðurstöður skimunar sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra í þeim þáttum sem prófaðir eru. Niðurstöðum skimunar verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi, þar verða einnig ígrundaðar leiðir til að vinna með þá nemendum sem koma illa út úr skimuninni. Í framhaldi af fundinum fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri og stafsetningu.



<sup>1</sup> Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendum til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendum sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

## Gátlisti

Þar sem um er að ræða einstaklingsskimun er mjög mikilvægt að stjórnendur og/eða viðkomandi umsjónarkennarar undirbúi heimsókn kennsluráðgjafa vel. Því biðjum við ykkur að hafa í huga eftirfarandi **gátlista**.

- ✓ Dagsetningu heimsóknar (Athugið að í stærri skólum eru tveir dagar teknir í skimanir).
- ✓ Skólastjórnendur sendi foreldrabréf (varðandi skimunina) tímanlega til foreldra. Bréfin hafa verið send skólastjórnendum en eru einnig inn á heimasíðu Skólaskrifstofunnar.
- ✓ Nafnalisti með fæðingardegi og heimilisfangi nemenda tilbúinn.
- ✓ Aðgangur að stundaskrá og stofutöflu viðkomandi bekkjar.
- ✓ Ritari viðkomandi skóla verði settur inn í málin og aðstoði kennsluráðgjafa við „að sækja nemendur“, ef þess þarf.
- ✓ Ræða við nemendur um mikilvægi þess að mæta í skólann viðkomandi dag.
- ✓ Stafsetningarhlutinn er lagður fyrir allan nemendur í einu. Mikilvægt er að kennsluráðgjafi geti lagt þann hluta fyrir í **byrjun skimunar**. Því er biðlað til ykkar um að gera undanþágu ef hópurinn er t.d. tvískiptur og/eða í verklegum greinum.
- ✓ Búið verði að raða borðum „einstaklingslega“ (í heimastofu) daginn áður, svo að stafsetningarhlutinn taki sem minnsta tíma.
- ✓ Aðstaða fyrir kennsluráðgjafa til að leggja fyrir skimunina verði til staðar. Í nokkrum heimsóknum koma tveir kennsluráðgjafar í heimsókn og því þarf tvær stofur í þeim tilvikum.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir frímínútum eða löngum matartímum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að ljúka við skimanir í hverjum skóla samkvæmt skipulagi því verður unnið að skimunum eins lengi og hægt er fram á skóladaginn.
- ✓ Í flestum tilvikum byrja skimanir kl. 8:00. Haft verður samband við skólastjórnendur þeirra skóla þar sem annað verður ákveðið.

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi

Jarþrúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi

Skólaskrifstofu Austurlands